

Formannafundur 2

Haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 29. október 2005

Mætt voru: Arnar Snær Valmundsson (Afturelding), Björn Þorleifur Þorleifsson (Björk), Eduardo Rodrigues (Árman/Háskólinn), Jón Ragnar Gunnarsson (TKÍ), Jón Garðar Steingrímsson (TKÍ), Rósa Margrét Grétarsdóttir (TKÍ), Sigrún Jónsdóttir (Björk), Sigursteinn Snorrason (Fjölnir, Selfoss, Þór) og Þorri Birgir Þorsteinsson (Keflavík). Jón Ragnar setti fundinn kl 11:00.

1. Fyrsti formannafundurinn

Rætt var um hversu léleg mæting hefði verið á fyrsta formannafundinum og að slíkt mætti ekki gerast aftur ef efla ætti TKÍ.

Til að TKÍ geti verið málsvari allr aðildarfélaganna þurfa þau að vinna saman og eru formannafundirnir bestu vettvangurinn fyrir slíkt.

2. Íslandsmótið 2005

Skipulag Íslandsmótsins var kynnt fyrir fundarmönnum. Master Stig Ove Ness verður yfirdómari á mótinu, bæði í poomse og sparring.

1. Keppt verður í eftirfarandi flokkum
 - a. Beltaskipting: Hæri (5 keup og yfir) og lægri (6 keup og niður).
 - b. Aldurskipting: Minor (12 – 14 ára), junior (15 – 17 ára) og senior (18 ára og eldri).
2. Í sparring verður notast við HM þyngdarflokkaskiptinguna. Round Robin fyrirkomulag verður haft á mótinu. Tveggja manna flokkar verða sameinaðir. Ef upp kemur sú staða að einstaklingur í lægri þyngdarflokki sem á að sameinast þyngdarflokki fyrir ofan vill ekki taka þátt í sameiningunni þá mun honum verða endurgreitt keppnisgjaldið. Einstaklingi verða ekki veitt fyrstu verðlaun ef hann sigrar ekki einn bardaga.
3. Í poomse verður einnig keppt í paraflokki (par eru tveir einstaklingar) og 3ja manna hópaflokki (þrjú einstaklingar). Leyfilegt verður að sýna mynstur sem er tveimur mynstrum fyrir ofan það sem sýnandinn á að kunna fyrir núverandi belti hans. Neðri mörkin liggja við flokkaskiptingu.
4. Veitt verða verðlaun fyrir besta liðið í poomse og sparring og verða gefin 5 stig fyrir fyrsta sæti, 3 fyrir annað sætið og 1 fyrir þriðja sætið í liðakeppninni.

3. Reform Fund Program

Jón Ragnar kynnti “WTF Reform Fund” fyrir fundarmönnum. “WTF Reform Fund” er styrkur til allra aðildarsambanda Kukkiwon/WTF að heildarupphæð 20.000\$ USD. Styrkurinn er í formi peninga og fjárstyrkja vegna þátttöku í námskeiðum á vegum WTF eða WTF viðurkenndra námskeiða. Einnig getur styrkurinn nýst vegna keppnisferða landsliðs á HM og Ólympíuleika. Heildarupphæð styrksins er 20.000\$ USD sem greiðast á árunum 2005-2008. Styrkurinn er jafnhár til allra aðildarsambanda WTF/Kukkiwon óháð stærð þeirra.

TKÍ hefur þegar fengið fyrsta hluta styrksins 5.000\$ USD sem fór að hluta í að greiða uppsafnaða skuld taekwondonefndar ÍSÍ við WTF.

4. Keppnisreglur

Keppnis- og mótareglur verða sendar til aðildarféлага TKÍ og nokkurra einstaklinga til yfirlestrar og ráðgjafar um mögulegar úrbætur á þeim. Einnig mun grunnur að auglýsingu fyrir mót verða aðgengilegur öllum mótshöldurum í framtíðinni.

5. Bikarmótaröðin

1. Upp kom hugmynd um að skipta út bikarmótunum fyrir opið mót en sú hugmynd var felld.
2. Ákveðið var að keppnisfyrirkomulag á bikarmótunum yrði með svipuðu fyrirkomulagi og á Íslandsmótinu.
3. Bjarkirnar eru búnar að sækja um að halda bikarmót í apríl 2006 (staðfest er að bikarmótið í apríl verður haldið af Björkunum). Helsta vandamál Bjarkanna er sú staðreynd að þær eru fjárhagslega óháðar.
4. TKÍ gerir ráð fyrir að bikarmótin komi út í plús og ætti það að vera hvatning fyrir aðildarfélögin. TKÍ getur haft milligöngu um að útvega yfirdómara á bikarmótin.
5. Sigursteinn mun ekki senda neina keppendur/starfsmenn á mót þar sem Hlynur er starfsmaður. Sigursteinn lét þó í ljós áhuga sinn á að bæta samskipti sín við Hlyn en eingöngu ef Hlynur biðst opinberlega afsökunar á ummælum sínum á www.taekwondo.is og reynir hvað hann getur til að ómerkja fyrri ummæli sín um Sigurstein.

6. Styrkjamál

Rætt var um ýmis styrkjamál.

1. Sóttur verður um styrk í afreksmannasjóð ÍSÍ fyrir árið 2006. Fyrir einstaklinga verður sótt um fyrir Auði Önnu Jónsdóttur, Björn Þorleif Þorleifsson og Sigrúnu Nönnu Karlsdóttur. Einnig var sótt um styrki fyrir unglíngalandslið TKÍ og landslið TKÍ í sparring og poomse.
2. Möguleiki er fyrir því að ETU styrki mótahald TKÍ í gegnum “Solitaire” program sitt. “Solitaire” prógrammið gengur út á að styðja við bakið á fámennum sérsamböndum í formi námskeiða, afsláttar á keppnisgjöldum og útvegum æfingabúnaðar. ETU er tilbúið að halda dómara námskeið í gegnum “Solitaire” prógrammið.
3. TKÍ mun sækja um útbreiðslustyrk til ÍSÍ fyrir námskeiðahald.

7. Íslenskir dómara

1. TKÍ ætlar að reyna að semja við Stig um að hann komi að dómarahaldi á sem flestum mótum í framtíðinni. Takist það vonast TKÍ til að hægt verði að setja saman dómara námskeið og TKÍ æfingamót til að auðvelda komu Stigs.
2. TKÍ vill stuðla að þjálfun íslenskra dómara til að þeir öðlist alþjóðleg réttindi.

9. Landslið TKÍ

1. Rætt var um að landsliðsþjálfara vanti fyrir sparring hópinn. Björn Þorleifsson hefur sinnt unglíngalandsliðinu í sparring.
2. Ákveðið var að setja Dan-gráðu sem forkröfu fyrir þátttöku með landsliði TKÍ á alþjóðavettvangi, undantekning er þó NM þar sem beltakröfur eru lægri.
3. TKÍ mun ákveða landsliðshópinn og stefnt er að því að Íslandsmótin verði notuð sem úrtökumót.
4. Stefnt er að því að fylgdarlið sé með landsliðinu á ferðalögum erlendis.:
 - a. Landsliðþjálfari (sparring/poomse)
 - b. Stjórnarmaður TKÍ
 - c. Sjúkraþjálfari

5. TKÍ greiðir kostnað vegna ferðalaga keppenda að eins miklum hluta og hægt er. Björn verður styrktur til fulls á EM, NM, Ólympíuleika, HM og smáþjóðaleika. Greitt verður undir fylgdarlið/starfsmenn og munu þeir einnig fá dagpeninga skv. kjarasamningum.

10. Önnur mál

1. Rætt var um hagsmunaátök innan íþróttinnar og nauðsyn þess að þau spilli ekki samvinnu aðildarfélaganna og TKÍ. Félög innan TKÍ eiga að leysa sín ágreiningsmál sjálf eftir fremsta megni.
2. TKÍ mun gera mótaskrá fyrir árin 2006 – 2008. Stefnt er að því að hún verði tilbúin í ágúst 2006.
3. TKÍ mun taka á viðeigandi hátt á vandamálum sem upp eru komin vegna samskiptaörðugleika Sigursteins og Hlyns. TKÍ er þó ekki að taka afstöðu með öðrum hvorum aðilanum.
4. Unnið er nú að breytingum á TKÍ-logoinu, þar sem bakgrunnur þess braut í bága við íslensku fánalögin. Nýtt merki þarf síðan að samþykkja inn í lög TKÍ á næsta ársþingi sem áætlað er í apríl 2006.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 15:00